

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/8/EB

2010/EES/71/08

frá 10. febrúar 2009

**um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksgildi fyrir hníslalyf eða vefsvipungalyf sem óhjákvæmilega berast í fôður sem þau eru ekki ætluð í (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fôðri <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hníslalyf og vefsvipungalyf eru efni sem ætluð eru til að drepa frumdýr eða hamla vexti þeirra og þau má m.a. leyfa til notkunar sem fôðuraufefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri <sup>(2)</sup>. Í leyfum fyrir notkun á hníslalyfjum og vefsvipungalyfjum sem aukefnum í fôðri er mælt fyrir um sértæk skilyrði fyrir notkun, s.s. fyrir hvaða tegundir eða flokka dýra aukefnin eru ætluð.
- 2) Stjórnendur fôðurfyrirtækja geta framleitt margs konar fôður innan sömu starfsstöðvar og nauðsynlegt getur reynst að framleiða mismunandi afurðir, hverja á fætur annarri, á sömu framleiðslulínu. Það getur átt sér stað að snefill af afurð verði óhjákvæmilega eftir á framleiðslulínunni og lendi saman við annað fôður í upphafi framleiðslu á því. Þessi tilfærsla frá einni framleiðslulotu yfir í aðra er kallað „yfirfærsla“ (e. carry-over) eða „víxlmengun“ og getur t.d. átt sér stað þegar hníslalyf eða vefsvipungalyf eru notuð sem leyfð fôðuraufefni. Þetta getur leitt til þess að fôðrið sem framleitt er næst á eftir sé mengað af völdum aðskotaefna og innihaldi tæknilega óhjákvæmilegan snefil af þessum efnum sem ekki eru ætluð í fôðrið, þ.e. í fôður sem ekki má innihalda hníslalyf eða vefsvipungalyf, s.s. fôður fyrir tegundir eða flokka dýra sem ekki er kveðið á um í leyfi fyrir notkun efnanna. Þessi óhjákvæmilega víxlmengun getur átt sér stað á öllum framleiðslu- og vinnslustigum fôðurs, en einnig við geymslu og flutning á fôðri.

- 3) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fôður <sup>(3)</sup> er kveðið á um sértækar kröfur til fôðurfyrirtækja sem nota hníslalyf og vefsvipungalyf við framleiðslu fôðurs. Viðkomandi stjórnendur verða einkum að gera allar viðeigandi ráðstafanir er varða aðstöðu og búnað, framleiðslu, geymslu og flutning til að forðast alla víxlmengun, í samræmi við skyldurnar sem kveðið er á um í 4. og 5. gr. framangreindrar reglugerðar. Setning hámarksgilda fyrir óhjákvæmilega yfirfærslu á hníslalyfjum og vefsvipungalyfjum í fôður, sem þau eru ekki ætluð í, í samræmi við tilskipun 2002/32/EB, ætti ekki að hafa áhrif á þá grundvallarskyldu stjórnenda að beita góðum framleiðsluháttum sem miða að því að forðast víxlmengun. Áframhaldandi átak af hálfu viðkomandi stjórnenda er því enn nauðsynlegt til að forðast að slík óæskileg efni séu fyrir hendi í dýrafôðri.

- 4) Með tilliti til beitingar á góðum framleiðsluháttum skal ákvarða hámarksgildi fyrir óhjákvæmilega yfirfærslu á hníslalyfjum og vefsvipungalyfjum í fôður, sem þau eru ekki ætluð í, í samræmi við ALARA meginregluna (eins lágt og raunhæft er að ætlast til að megi ná). Til að gera fôðurframleiðendum kleift að stjórna framangreindri, óhjákvæmilegri yfirfærslu skal taka til athugunar að fastsetja yfirfærsluhlutfall sem er u.þ.b. 3% af leyfðu hámarksinnihaldi að því er varðar fôður fyrir dýr sem eru síður næm, sem fôðrið er ekki ætlað fyrir, en um leið skal halda yfirfærsluhlutfalli sem er u.þ.b. 1% af leyfðu hámarksinnihaldi í fôðri, sem ætlað er fyrir næm dýr sem fôðrið er ekki ætlað fyrir, og fyrir biðtímafôður, þ.e. fôður sem er notað á tímabilinu fram að slátrun. Einnig skal taka til athugunar að fastsetja 1% yfirfærsluhlutfall fyrir víxlmengun í öðru fôðri, sem er án íbættra hníslalyfja og vefsvipungalyfja, fyrir marktegundir og að því er varðar fôður, sem þau eru ekki ætluð í, fyrir „dýr sem gefa stöðugt af sér afurðir til manneldis“, s. s. mjólkurkúr eða varphænur, ef vísbendingar eru um smit frá fôðri yfir í matvæli úr dýraríkinu. Ef dýrum eru gefin fôðurefni beint eða ef fôðurbætur er notaður skal daglegur skammtur þeirra ekki leiða til þess að dýrin komist í snertingu við hníslalyf eða vefsvipungalyf í meiri styrk en sem samsvarar hámarksváhrifum þegar einungis er um að ræða daglega skammta af heilfôðri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 40, 11.2.2009, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2009 frá 4. desember 2009 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12, 11.3.2010, bls. 1.

- 5) Nauðsynlegt er að samþykkja samræmdar reglur á þessu sviði innan Bandalagsins til að koma í veg fyrir að aðildarríkin taki upp innlendar reglur til að taka á óhjákvæmilegri yfirfærslu á leyfðum hníslalyfjum eða vefsvipungalyfjum í fódri, sem þau eru ekki ætluð í, og þar með að þau finnist í matvælum sem rekja má til þess, en slíkt mundi hindra starfsemi innri markaðarins.
- 6) Litið er á virk efni í leyfðum hníslalyfjum og vefsvipungalyfjum, sem óhjákvæmilega yfirfærast í fódur, sem þau eru ekki ætluð í, sem óæskileg efni í fódri í skilningi tilskipunar 2002/32/EB og tilvist þeirra ætti ekki að skapa hættu fyrir heilbrigði dýra, heilbrigði manna eða umhverfið. Af þessum sökum skal fastsetja hámarksgildi fyrir þessi efni í fódri, í samræmi við I. viðauka sömu tilskipunar, til að koma í veg fyrir óæskileg og skaðleg áhrif.
- 7) Ef mælt hefur verið fyrir um hámarksgildi leifa innan ramma reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(4)</sup> eða innan ramma reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 skal tryggja að farið sé eftir þessum ákvæðum þegar fastsett eru hámarksgildi fyrir óhjákvæmilega yfirfærslu hníslalyfja og vefsvipungalyfja í fódur, sem þau eru ekki ætluð í.
- 8) Óhjákvæmileg yfirfærsla hníslalyfja og vefsvipungalyfja í fódur, sem þau eru ekki ætluð í, jafnvel þó að þau séu innan þeirra hámarksgilda sem ákvarða skal samkvæmt tilskipun 2002/32/EB, getur orðið til þess að leifar þessara efna verði fyrir hendi í matvælaafurðum úr dýraríkinu. Til að vernda lýðheilsu og þar eð ekki er enn búið að fastsetja hámarksgildi leifa (MRL) fyrir viðkomandi matvæli hafa hæstu vikmörk fyrir virk efni úr hníslalyfjum og vefsvipungalyfjum sem eru fyrir hendi verið fastsett með reglugerð ráðsins (EB) nr. 124/2009 frá 10. febrúar 2009 um hámarksgildi fyrir hníslalyf eða vefsvipungalyf sem eru í matvælum vegna þess að þessi efni berast óhjákvæmilega í fódur sem ekki er ætlast til að þau berist í <sup>(5)</sup>, á grundvelli reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum <sup>(6)</sup>.
- 9) Samkvæmt beiðni frá framkvæmdastjórninni samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd stofnunin) nokkur álit <sup>(7)</sup> um áhættuna fyrir heilbrigði dýra og lýðheilsu sem leiðir af óhjákvæmilegri yfirfærslu hníslalyfja eða vefsvipungalyfja, sem leyfð eru sem aukefni í fódri, í fódur sem þau eru ekki ætluð í. Fyrir hvert hníslalyf eða vefsvipungalyf, sem leyft er sem fóduraukefni, er í álitu stofnunarinnar reiknað með 2%, 5%, og 10% áætluðu yfirfærsluhlutfalli úr fódri sem framleitt er með stærsta leyfða skammti af hníslalyfjum eða vefsvipungalyfjum í fódur sem framleitt er næst á eftir og sem þau eru ekki ætluð í.
- 10) Að teknu tilliti til niðurstaðna hvers vísindaálits fyrir sig má lýsa því yfir að almennt séð sé niðurstaða stofnunarinnar sú að þegar hníslalyf eða vefsvipungalyf, sem leyfð eru sem fóduraukefni, finnast í fódri sem þau eru ekki ætluð í, í magni sem stafar af óhjákvæmilegri yfirfærslu, og að teknu tilliti til allra ráðstafana til að koma í veg fyrir slíkt, sé ólíklegt að það hafi skaðleg áhrif á heilbrigði dýra og að áhættan fyrir heilbrigði neytenda af inntöku leifa í afurðum úr dýrum sem hafa komist í snertingu við víxlmengað fódurs sé óveruleg.
- 11) Að teknu tilliti til álita stofnunarinnar og þeirra mismunandi aðferða sem nú er beitt í aðildarríkjum til að taka á óhjákvæmilegri víxlmengun er lagt til að hámarksgildi fyrir fódur verði fastsett, eins og kveðið er á um í viðaukunum við þessa tilskipun, til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins og til að vernda heilbrigði dýra og lýðheilsu.
- 12) Hámarksgildi fyrir óæskileg efni í fódri skulu fastsett með því að aðlagða I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr. þeirrar tilskipunar. Við aðlögun tæknilegra ákvæða í I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB var tekið mið af þróun á sviði vísinda- og tæknipækkingar með tilliti til vísindalegra álita stofnunarinnar og þróunar á greiningaraðferðum fyrir fódur. Endurskoða skal ákvæði viðaukans eigi síðar en 1. júlí 2011 með hliðsjón af þróun á sviði vísinda- og tæknipækkingar.
- 13) Hámarksgildin, sem fastsett eru í viðaukanum við þessa tilskipun, skulu stöðugt löguð að notkunarskilyrðum sem kveðið er á um í leyfum fyrir hníslalyfjum og vefsvipungalyfjum sem fóduraukefnum. Með tilliti til þess tíma sem hugsanlega getur liðið á milli veitingar leyfis, eða breytingar, frestunar eða afturköllunar á leyfi, fyrir hníslalyfi eða vefsvipungalyfi sem fóduraukefni og breytinga á hámarksgildum sem fylgja í kjölfarið, sem mælt er fyrir um í viðaukunum við þessa reglugerð, skal litið svo á að hin síðarnefndu hafi ekki áhrif á magn hníslalyfja eða vefsvipungalyfja sem leyfð eru sem fóduraukefni innan ramma reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

- 14) Þar eð óhjákvæmileg yfirfærsla hníslalyfja eða vefsvipungalyfja í fóður sem þau eru ekki ætluð í getur valdið því að þessi efni finnast sem aðskotaefni í afleiddum matvælum er viðeigandi að beita samþættri heildaraðferð til að taka á þessu með því að samþykka og beita samtímis þessari tilskipun til að fastsetja hámarksgildi fyrir óhjákvæmilega yfirfærslu hníslalyfja eða vefsvipungalyfja í fóður, sem þau eru ekki ætluð í, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um hámarksgildi fyrir þessi efni í matvælum sem af því leiðir
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 2009.

Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar. Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2009.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Androulla Vassiliou

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 40, 11.2.2009, bls. 7.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Álit sérfræðinganeftdar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um víxlmengun af völdum lasalósiðs, sem leyft er sem fôðuraukefni, í fôðri sem það er ekki ætlað í, *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2007) 553, bls. 1-46.

[http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific\\_Opinion/CONTAM\\_ej553\\_lasalocid\\_en.pdf?ssbinary=true](http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific_Opinion/CONTAM_ej553_lasalocid_en.pdf?ssbinary=true)Álit

sérfræðinganeftdar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um víxlmengun af völdum narasins, sem leyft er sem fôðuraukefni, í fôðri sem það er ekki ætlað í, *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2007) 552, bls. 1-35.

[http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific\\_Opinion/CONTAM\\_ej552\\_narasin\\_en.pdf?ssbinary=true](http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific_Opinion/CONTAM_ej552_narasin_en.pdf?ssbinary=true)Álit

sérfræðinganeftdar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um víxlmengun af völdum madúramísins, sem leyft er sem fôðuraukefni, í fôðri sem það er ekki ætlað í, *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 594, bls. 1-30.

[http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific\\_Opinion/contam\\_op\\_ej594\\_maduramicin\\_en.pdf?ssbinary=true](http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific_Opinion/contam_op_ej594_maduramicin_en.pdf?ssbinary=true)Álit t sérfræðinganeftdar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um víxlmengun af völdum semdúramísins, sem leyft er sem fôðuraukefni, í fôðri sem það er ekki ætlað í, *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 593, bls. 1-27.

[http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific\\_Opinion/contam\\_op\\_ej593\\_semduramicin\\_en.pdf?ssbinary=true](http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific_Opinion/contam_op_ej593_semduramicin_en.pdf?ssbinary=true)Álit sérfræðinganeftdar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um víxlmengun af völdum salinómýsins, sem leyft er sem fôðuraukefni, í fôðri sem það er ekki ætlað í, *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 591, bls. 1-38.

[http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific\\_Opinion/contam\\_op\\_ej591\\_salinomycin\\_en.pdf?ssbinary=true](http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific_Opinion/contam_op_ej591_salinomycin_en.pdf?ssbinary=true)Álit sérfræðinganeftdar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um víxlmengun af völdum mónensins, sem leyft er sem fôðuraukefni, í fôðri sem það er ekki ætlað í, *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 592, bls. 1-40.

[http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific\\_Opinion/contam\\_op\\_ej592\\_monensin\\_en.pdf?ssbinary=true](http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific_Opinion/contam_op_ej592_monensin_en.pdf?ssbinary=true)Álit sérfræðinganeftdar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um víxlmengun af völdum halófúginónhýdróbrómíðs, sem leyft er sem fôðuraukefni, í fôðri sem það er ekki ætlað í, *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 657, bls. 1-31.

[http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific\\_Opinion/contam\\_op\\_ej657\\_halofuginone\\_en.pdf?ssbinary=true](http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific_Opinion/contam_op_ej657_halofuginone_en.pdf?ssbinary=true)Álit t sérfræðinganeftdar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um víxlmengun af völdum dekokínats, sem leyft er sem fôðuraukefni, í fôðri sem það er ekki ætlað í, *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 656, bls. 1-26.

[http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific\\_Opinion/contam\\_op\\_ej656\\_decoquinat\\_en.pdf?ssbinary=true](http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific_Opinion/contam_op_ej656_decoquinat_en.pdf?ssbinary=true)Álit sérfræðinganeftdar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um víxlmengun af völdum róbenidins, sem leyft er sem fôðuraukefni, í fôðri sem það er ekki ætlað í, *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 655, bls. 1-29.

[http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific\\_Opinion/contam\\_op\\_ej655\\_robenidine\\_en,0.pdf?ssbinary=true](http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific_Opinion/contam_op_ej655_robenidine_en,0.pdf?ssbinary=true)Álit sérfræðinganeftdar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um víxlmengun af völdum níkarbasins, sem leyft er sem fôðuraukefni, í fôðri sem það er ekki ætlað í, *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 690, bls. 1-34.

[http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific\\_Opinion/contam\\_op\\_ej690\\_nicarbazin\\_en.pdf?ssbinary=true](http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific_Opinion/contam_op_ej690_nicarbazin_en.pdf?ssbinary=true)Álit sérfræðinganeftdar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um víxlmengun af völdum díklasúrils, sem leyft er sem fôðuraukefni, í fôðri sem það er ekki ætlað í, *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 716, bls. 1-31.

[http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific\\_Opinion/contam\\_op\\_ej716\\_diclazuril\\_en.pdf?ssbinary=true](http://www.efsa.europa.eu/cs/BlobServer/Scientific_Opinion/contam_op_ej716_diclazuril_en.pdf?ssbinary=true)

## VIÐAUKI

Eftirfarandi liðir bætist við í I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB:

„Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fôður <sup>(1)</sup>	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fôður með 12 % rakainnihald
1.Lasalósiðnatríum	Fôðurefni	1,25
	Fôðurblanda fyrir	
	— hunda, kálfa, kanínur, dýr af hestaætt, mjólkandi dýr, varpfugla, kalkúna (> 12 vikur) og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (> 16 vikur),	1,25
	— eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (< 16 vikur) og kalkúna (< 12 vikur) fyrir tímabilið fram að slátrun þegar notkun á lasalósiðnatríumi er bönnuð (biðtímafôður),	1,25
	— aðrar dýrategundir.	3,75
	Forblöndur til notkunar í fôðri sem ekki er leyft að nota lasalósiðnatríum í.	(**)
2.Narasín	Fôðurefni	0,7
	Fôðurblanda fyrir	
	— kalkúna, kanínur, dýr af hestaætt, varpfugla og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (> 16 vikur),	0,7
	— eldiskjúklinga fyrir tímabilið fram að slátrun þegar notkun á narasíni er bönnuð (biðtímafôður),	0,7
	— aðrar dýrategundir.	2,1
	Forblöndur til notkunar í fôðri sem ekki er leyft að nota narasín í.	(**)
3.Natríumsalínómýsín	Fôðurefni	0,7
	Fôðurblanda fyrir	
	— dýr af hestaætt, kalkúna, varpfugla og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (> 12 vikur),	0,7
	— eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (< 12 vikur) og eldiskanínur fyrir tímabilið fram að slátrun þegar notkun á natríumsalínómýsíni er bönnuð (biðtímafôður),	0,7
	— aðrar dýrategundir.	2,1
	Forblöndur til notkunar í fôðri sem ekki er leyft að nota natríumsalínómýsín í.	(**)
4.Natríummónensín	Fôðurefni	1,25
	Fôðurblanda fyrir	
	— dýr af hestaætt, hunda, smærri jörturdýr (sauðfé og geitur), endur, nautgripi, mjólkurkúr, varpfugla, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (> 16 vikur) og kalkúna (> 16 vikur),	1,25
	— eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (< 16 vikur) og kalkúna (< 16 vikur) fyrir tímabilið fram að slátrun þegar notkun á natríummónensíni er bönnuð (biðtímafôður),	1,25
	— aðrar dýrategundir.	3,75
	Forblöndur til notkunar í fôðri sem ekki er leyft að nota natríummónensín í.	(**)

„Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fôður ( <sup>1</sup> )	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fôður með 12 % rakainnihald
5.Natríumsemdúramísín	Fóðurefni	0,25
	Fóðurblanda fyrir	
	— varpfugla og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (> 16 vikur),	0,25
	— eldiskjúklinga fyrir tímabilið fram að slátrun þegar notkun á natríumsemdúramísíni er bönnuð (biðtímafôður),	0,25
	— aðrar dýrategundir.	0,75
	Forblöndur til notkunar í fôðri sem ekki er leyft að nota natríumsemdúramísín í.	(**)
6.Alfamadúramísín-ammóníum	Fóðurefni	0,05
	Fóðurblanda fyrir	
	— dýr af hestaætt, kanínur, kalkúna (> 16 vikur), varpfugla og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (> 16 vikur),	0,05
	— eldiskjúklinga og kalkúna (< 16 vikur) fyrir tímabilið fram að slátrun þegar notkun á alfamadúramísínammóníumi er bönnuð (biðtímafôður),	0,05
	— aðrar dýrategundir.	0,15
	Forblöndur til notkunar í fôðri sem ekki er leyft að nota alfamadúramísínammóníum í.	(**)
7.Róbenidínhyðróklóríð	Fóðurefni	0,7
	Fóðurblanda fyrir	
	— varpfugla og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (> 16 vikur),	0,7
	— eldiskjúklinga, eldis- og kynbótakanínur og kalkúna fyrir tímabilið fram að slátrun þegar notkun á róbenidínhyðróklóríði er bönnuð (biðtímafôður),	0,7
	— aðrar dýrategundir.	2,1
	Forblöndur til notkunar í fôðri sem ekki er leyft að nota róbenidínhyðróklóríð í.	(**)
8.Dekókinat	Fóðurefni	0,4
	Fóðurblanda fyrir	
	— varpfugla og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (> 16 vikur),	0,4
	— eldiskjúklinga fyrir tímabilið fram að slátrun þegar notkun á dekókinati er bönnuð (biðtímafôður),	0,4
	— aðrar dýrategundir.	1,2
	Forblöndur til notkunar í fôðri sem ekki er leyft að nota dekókinat í.	(**)
9.Halófúgínanhýdróbrómíð	Fóðurefni	0,03
	Fóðurblanda fyrir	
	— varpfugla, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (> 16 vikur) og kalkúna (> 12 vikur),	0,03
	— eldiskjúklinga og kalkúna (< 12 vikur) fyrir tímabilið fram að slátrun þegar notkun á halófúgínónhýdróbrómíði er bönnuð (biðtímafôður),	0,03
	— aðrar dýrategundir aðrar en kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (> 16 vikur).	0,09
	Forblöndur til notkunar í fôðri sem ekki er leyft að nota halófúgínónhýdróbrómíð í.	(**)

„Óæskileg efni	Afurðir sem ætlaðar eru í föður (*)	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir föður með 12 % rakainnihald
10.Níkarbasín	Fóðurefni	0,5
	Fóðurblanda fyrir	
	— dýr af hestaætt, varpfugla og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (> 16 vikur),	0,5
	— eldiskjúklinga fyrir tímabilið fram að slátrun þegar notkun á níkarbasíni (samtímis narasíni) er bönnuð (biðtímafóður),	0,5
	— aðrar dýrategundir.	1,5
	Forblöndur til notkunar í föðri sem ekki er leyft að nota níkarbasín (samtímis narasíni) í.	(**)
11.Díklasúríl	Fóðurefni	0,01
	Fóðurblanda fyrir	
	— varpfugla, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (> 16 vikur) og eldiskalkúna (> 12 vikur),	0,01
	— eldis- og kynbótakanínur fyrir tímabilið fram að slátrun þegar notkun á díklasúrili er bönnuð (biðtímafóður),	0,01
	— aðrar dýrategundir aðrar en kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (> 16 vikur), eldiskjúklinga og eldiskalkúna (< 12 vikur).	0,03
	Forblöndur til notkunar í föðri sem ekki er leyft að nota díklasúríl í.	(**)

(\*) Með fyrirvara um leyfið gildi innan ramma reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri.

(\*\*) Hámarksgildi efnisins í forblöndunni er sá styrkur sem skal ekki leiða til þess að styrkur efnisins verði meiri en 50% af því hámarksgildi sem ákvarðað er fyrir föðrið þegar leiðbeiningum um notkun forblöndunnar er fylgt.“